

**Nefndasvið Alþingis**  
**Viðskiptanefnd**  
**b/t. Selmu Hafliðadóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 10. desember 2009.

Efni: Breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn) (71. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda breytingartillögu sem felur í sér innleiðingu kynjakvóta í stjórnnum hlutafélaga og einkahlutafélaga.*

Viðskiptaráð Íslands skilaði inn umsögn um það frumvarp, sem þessi breytingartillaga byggir á, þann 4. júní síðastliðinn. Þar tók ráðið undir markmið ákvæðanna eins og þau hjóðuðu þá, þ.e. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna. Það er alveg ljóst að kraftar kynjanna er vannýttir á mörgum sviðum samfélagsins, en jöfn tækifæri skapa grundvöll og hvata til árangurs einstaklinga óháð kyni, til hagsbóta fyrir samfélagið í heild. Þá kemur fjölbreytni meðal stjórnarmanna, hvort heldur vegna ólíkrar menntunar, reynslu, nú eða kyns, fyrirtækjunum sjálfum til góða.

Af þessum ástæðum gerðu Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð Íslands og FKA-Félag kvenna í atvinnurekstri með sér samstarfssamning þann 15. maí síðastliðinn, með það að markmiði að efla hlut kvenna í stjórnnum íslensks atvinnulífs á þann veg að hlutfall hvors kyns verði ekki undir 40% í lok árs 2013. CreditInfo tók að sér að mæla árlega hvort samningur þessi bæri með sér einhvern árangur. Undir þann samning rituðu jafnframt fulltrúar allra þingflokka sem nú eiga sæti á Alþingi. Það var álit Viðskiptaráðs að með þessum hætti væri íslenskt atvinnulíf sjálft að taka ábyrgð og forystu í þessu brýna hagsmunamáli og að það væri heillavænlegri leið en löggjöf.

Í ljósi þessarar almennu samstöðu atvinnulífs og þingflokka um nauðsyn þess að fjölga konum í forystusveit atvinnulífsins með þeim hætti sem lýst var að ofan kemur þessi breytingartillaga á óvart. Þá kemur enn frekar á óvart að ætlunin sé að ganga lengra en t.a.m. Noregur og láta kynjakvóta ganga jafnt yfir hlutafélög sem og einkahlutafélög.

Undanfari þessarar tillögu er eflaust að hluta umræða um að áður nefnt samkomulag hafi ekki borið árangur. Í þeim efnum er rétt að vekja athygli nefndarmanna að samkomulagið var undirritað fyrir aðeins nokkrum mánuðum og það eftir aðalfundartímabil flestra félaga, þar sem stjórnir eru kjörnar. Fyrsta tækifærið til jákvæðra breytinga í stjórnnum fyrirtækja verður því ekki fyrr en á fyrstu mánuðum komandi árs. Það tækifæri ætla ofangreindir samstarfsaðilar að nýta með virkum hætti, t.a.m. með opnum fundi þar sem gera á grein fyrir þeim leiðum sem atvinnulífið hyggst fara við að fjölga konum í stjórnnum fyrirtækja.

Það er ekki heppilegt að löggjafinn grípi af fljótfærni fram fyrir hendurnar á íslensku atvinnulífi með þessum hætti. Ofangreind samtök eru sammála um að það sé bæði nauðsynlegt og skynsamlegt að

fjölga konum í forystusveit atvinnulífsins – sú leið sem breytingartillagan felur í sér er hinsvegar ekki heppileg.

**Viðskiptaráð** leggur til að breytingartillagan nái ekki fram að ganga og hvetur framkvæmdar- og löggjafarvaldið til að bíða og sjá hvort ráðagerð atvinnulífsins í þessum efnum beri ekki þann árangur sem stefnt er að.

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs